

Aðalfundur Landvarðafélags Íslands 25.03.2026

Mætt eru: – 9 meðlimir félagsins eru mættir á staðnum og 4 í fjarheimum

Fundarstjóri:

Fundarritari: Sólborg Birgisdóttir

Fundur settur: 17:32

Dagskrá fundar (fundargerð):

1. Setning aðalfundar og kosning fundarstjóra

- Magnús Hallur Jónsson (formaður) setur fundinn og kynnir dagskrá
- Stjórn leggur til að Anna Þuríður Pálsdóttir verði fundarstjóri
 - Enginn mótmælir, samþykkt með lófaklappi

2. Skýrsla stjórnar starfsárið 2025-2026

- Magnús kynnir skýrslu stjórnar
 - Kynning á stjórn síðastliðins árs
 - Formaður: Magnús Hallur Jónsson
 - Varaformaður: Hlynur Aðalsteinsson
 - Ritari: Sólborg Birgisdóttir
 - Gjaldkeri: Josephine Roloff
 - Meðstjórnandi: Anna Þuríður Pálsdóttir
 - Varamenn: Þorgeir Adamsson og Þórhallur Jóhannsson/Þorgerður María Þorbjarnardóttir
 - Nefndir ársins
 - Kjara- og laganefnd
 - Guðrún Úlfarsdóttir
 - Hlynur Aðalsteinsson
 - Magnús Hallur Jónsson
 - Fræðslu- og skemmtinefnd:
 - Óvirk
 - Alþjóðanefnd:
 - Hrafnhildur Ævarsdóttir
 - Linda Björk Hallgrímsdóttir
 - Þórunn Sigþórsdóttir
 - Afmælisnefnd
 - Benedikt Traustason
 - Magnús Hallur Jónsson
 - Nína Aradóttir
 - Josephine Roloff
 - Kynning á starfsári
 - Fundir stjórnar
 - Fundaði 12 sinnum
 - Vinnuhelgi í Borgarfirði

- Skýrsla út frá könnun, birtist á vefnum
- Margt fleira
- Kjaramál
 - Viðræður standa enn yfir, byrjuðu nóvember 2024.
 - Samningur SGS við NVS og Þingvelli samþykktur 21. október, 2025.
 - Sameyki er enn að semja.
 - Nýju samningarnir verða kynntir þegar þeir eru komnir.
- Vinna út á við
 - Umsagnir
 - Uppbygging Bláa Lónsins við Hoffellslón
 - Um opnun Vonarskarðs fyrir akstri
 - Framkvæmdaáætlun Náttúruminjasrár 2025-2029
 - Greinar
 - Ábyrg ferðamennska
 - Alþjóðadagur Landvarða
- Viðburðir og kynningar
 - Maí ganga á Leggjabryót
 - Landvarðabíó - Becoming Jaques Cousteau
 - Kynningar
 - Landvarðanámskeið NVS
 - Aðrar framundan
- Framundan
 - 50 ára afmæli félagsins 7.11 á Þingvöllum
 - Gyllta stikan, heiðursverlaun Landvarðafélagsins
 - Óskað eftir tilnefningum
 - Laga vefsíðuna
 - Vera virkari og setja inn fleira efni
 - Þýða stofnanasamninga og birta á síðunni

3. Reikningar síðasta árs

- Josephine Lilian Roloff (gjaldkeri) kynnir reikninga ársins
 - Tekjur á árinu: 793.268 kr
 - Gjöld á árinu: 265.536 kr
 - Í byrjun árs átti félagið: 1.819.711 kr
 - Rekstrarhagnaður ársins: 550.964 kr
 - Staða í lok árs: 2.370.675 kr
 - Þar af 196.875 kr í ferða- og fræðslusjóð
- Reikningur samþykktur

4. Lagabreytingar

- Tillaga um breytingu á 12. og 13. grein (Viðbætur á núverandi reglum eru gullitaðar)

12. grein

a. Aðalfundur skal haldinn eigi síðar en 10. apríl ár hvert. Skal stjórn boða til hans bréflaga, með a.m.k. þriggja vikna fyrirvara. Til félaga með virkt netfang má boða rafrænt og sendist þá ítrekun viku fyrir aðalfund. Í fundarboði skal birta dagskrá fundarins ásamt lögum félagsins. Aðalfundur hefur æðsta vald í öllum málum félagsins og telst löglegur, ef löglega er til hans boðað.

Breytingartillaga:

a. Aðalfundur skal haldinn eigi síðar en 10. apríl ár hvert. Skal stjórn boða til hans **rafrænt**, með a.m.k. þriggja vikna fyrirvara. Ítrekun skal senda **eigi síðar en 3 dögum** fyrir aðalfund. Í fundarboði skal birta dagskrá fundarins ásamt lögum félagsins. Aðalfundur hefur æðsta vald í öllum málum félagsins og telst löglegur, ef löglega er til hans boðað.

13. grein

Félagið getur með samþykki löglega boðaðs félagsfundar sótt um eða sagt upp aðild að sérsamböndum eða bandalagi, enda greiði a.m.k. 2/3 fundarmanna slíkri tillögu atkvæði. Tillaga um slíkt skal kynnt félagsmönnum bréflaga minnst viku fyrir fund.

Breytingartillaga:

Félagið getur með samþykki löglega boðaðs félagsfundar sótt um eða sagt upp aðild að sérsamböndum eða bandalagi, greiði a.m.k. 2/3 fundarmanna slíkri tillögu atkvæði. Tillaga um slíkt skal kynnt félagsmönnum **rafrænt** minnst viku fyrir fund.

- Tillagan er samþykkt af meirihluta þeirra sem mætt eru á aðalfund.

- Reglur Landvarðafélags Íslands varðandi ferða- og fræðslustyrki

1. Landvarðafélag Íslands heldur úti ferða- og fræðslusjóð. Markmið sjóðsins er að styrkja félaga í landvarðafélaginu til þess að sækja ráðstefnur erlendis fyrir hönd Landvarðafélags Íslands í þeim tilgangi að efla samstarf félagsins á erlendum vettvangi. Einnig er markmið sjóðsins að styrkja þá félaga Landvarðafélags Íslands að sækja sér menntun og fræðslu sem nýtast mætti í landvarðastörf.
2. Tekjur ferða- og fræðslusjóðsins eru 25% af árgjöldum hvers árs.
3. Hver félagi getur að hámarki sótt um einn styrk á hverju almanaksári og er hámarksupphæð hvers styrks 50.000 kr.
4. Ef fleiri en 2 félagar sækja um styrk fyrir sama viðburð metur stjórn eftir tilvikum upphæð styrkja út frá stöðu ferðasjóðsins og með hliðsjón af ráðstefnum sem eru framundan.

5. Forsendur þess að félagi hljóti ferðastyrk er að hann skili af sér vinnu tengdri ráðstefnunni. Sú vinna getur til að mynda verið í formi skipulagningar (t.d. koma með gjafir), fyrirlestrar á ráðstefnunni, greinaskrif, fyrirlestur fyrir féлага, kynning á samfélagsmiðlum eða annað í samráði við stjórn og alþjóðanefnd. Styrkurinn er ekki greiddur fyrr en vinnunni er lokið og staðfesting á þátttöku á ráðstefnu er skilað.

6. Forsendur fyrir því að félagi hljóti fræðslustyrk er að námið sé viðeigandi landvarða-störfum, náttúruvernd, miðlun upplýsinga, landvörslu, og fleira.

7. Umsækjandi getur ekki hlotið ferðastyrk úr ferða- og fræðslusjóði liggja styrkveiting fyrir úr öðrum sjóðum fyrir sama verkefni.

8. ~~Umsækjandi hlýtur ekki fræðslustyrk úr ferða- og fræðslusjóði ef umsækjandi á möguleika að sækja styrk eftir hefðbundnum leiðum, til að mynda í stéttarfélag eða gegnum vinnuveitanda. Styrkurinn er ætlaður þeim félögum sem starfa tímabundið við landvörslu, og eiga ekki rétt á öðrum styrk.~~

9. Stjórn er heimilt að veita styrki til annarra landvarða tengdra viðburða erlendis. Stjórn skal meta hverja umsókn og styrkupp hæð eftir atvikum. Í þeim tilvikum er stjórn heimilt að nota almenna reikninga félagsins.

10. Stjórn félagsins heldur utan um ferða- og fræðslusjóðinn, úthlutar styrkjum og úrskurðar í þeim vafamálum sem kunna að koma upp.

Reglur er einungis varða fræðslustyrki:

11. Heimilt er að sækja um 50% námskeiðsgjalds eða allt að 50.000,- ISK. Ekki eru veittir styrkir fyrir ferðakostnað né fæði og uppihald.

12. Umsækjandi þarf að taka fram alla þá styrki sem hafa hlotist fyrir námskeiðsgjaldi, frá stéttarfélagi, vinnuveitanda o.p.h.

13. Kvittun þarf að fylgja til staðfestingar greiðslu námskeiðs. Kvittun má ekki vera eldri en 12 mánaða.

14. Umsækjandi þarf að vera borgandi félagi er námskeiðið fór fram.

15. Í umsókn þarf að koma fram hvað er sótt um og gefa lýsingu á námi eða námskeiði. Rökstuðningur um hvernig verkefnið nýtist í starfi. Einnig þarf að skila staðfestingu á að búið sé að greiða upphæðina sem sótt er um endurgreiðslu fyrir.

16. Stjórn Landvarðafélagsins metur styrktarumsókn hverju sinni. Sé meira en 50% af námskeiðsgjaldinu þegar styrkt, áskilur sér stjórn rétt til að hafna styrktarveitingu.

- Tillagan er samþykkt af meirihluta þeirra sem mætt eru á aðalfund.
- Tillaga um kynhlutlaus lög

3. grein

Tilgangur félagsins er:

- a. að vinna að hagsmunum félagsfólks og vera forsvaraðili þeirra út á við, b. að semja um kaup og kjör landvarða,
- c. að marka stefnu landvarða í náttúruverndarmálum,
- d. að svara erindum sem beint er til félagsins og vinna greinargerðir um náttúruverndarmál og að vinna að náttúruvernd og umræðu um hana. e. að kynna stefnu þess út á við og vinna að framgangi hennar,
- f. að kynna starf og hlutverk landvarða,
- g. að stuðla að fræðslu og símenntun landvarða,
- h. að rækta tengsl við systursamtök erlendis,
- i. að standa fyrir skemmtunum fyrir félagsfólk.

4. grein

Félagi í Landvarðafélagi Íslands getur orðið hver sá:

- a. sem lokið hefur námskeiði til starfsmenntunar landvarða,
- b. sem lokið hefur öðru því námi sem félagið metur gilt,
- c. sem vinnur við eða hefur unnið landvörslutengd störf.

Þau sem falla undir lið a) eiga sjálfkrafa rétt til aðildar en þau sem falla undir liði b) eða c) þurfa að fá samþykki stjórnar félagsins.

Þau sem ekki uppfylla skilyrði a-c en vilja vinna að stefnu og lögum félagsins geta sótt um aukaaðild að félaginu. Aukaaðild veitir ekki atkvæðisrétt á aðalfundi.

6. grein

Heimilt er löglega boðuðum félagsfundi að vísa félögum úr félaginu ef fundurinn telur að þau hafi brotið í bága við lög félagsins. Slík tillaga verður að njóta stuðnings minnst 2/3 atkvæða fundarfólks.

7. grein

Hafi meðlimur í Landvarðafélagi Íslands ekki greitt félagsgjöld í tvö ár frá aðalfundi er stjórn heimilt að taka nafn einstaklingsins af félagaskrá.

8. grein

Starfssvið stjórnar Landvarðafélags Íslands er:

- a. að kynna stefnumál og starfsemi félagsins og vera andlit þess út á við, b. að halda úti vefsíðu um málefni félagsins,
- c. að marka stefnu félagsins í náttúruverndarmálum og vinna að henni með öðrum félögum og stofnunum,
- d. að bera ábyrgð á fjárreiðum félagsins,
- e. að ganga frá ákvörðun um trúnaðarmenn fyrir komandi sumar,
- f. að samþykkja inngöngu **nýs félagsfólks**,
- g. að hafa yfirsýn yfir starfsemi nefnda á vegum félagsins,
- h. að efla áhuga **félagsfólks** á starfsemi félagsins og metnað þeirra fyrir hönd þess.

9. grein

Á vegum félagsins starfa fastanefndir. Kosið er um alla meðlimi þeirra til eins árs í senn og þeir skipta með sér verkum. Aðalfundi og/eða stjórn er heimilt að víkja frá tilgreindum fjölda nefndarmanna ef þurfa þykir. Nefndirnar eru:

- a. Kjara- og laganefnd, sem í eru 3 félagar og tveir til vara. Hlutverk hennar er að semja við vinnuveitendur um kaup og kjör landvarða, auk þess að yfirfara lög félagsins fyrir aðalfund ár hvert.
- b. Fræðslu- og skemmtinefnd, sem í eru 3 félagar. Hlutverk hennar er að sinna fræðslu og upplýsingamiðlun til **félagsfólks**, sem og að skipuleggja skemmtanir félagsins.
- c. Alþjóðanefnd, sem í eru 3 félagar. Hlutverk hennar er að halda utan um samskipti við erlend samtök landvarða og sjá til þess að miðla áfram efni er frá þeim berst til **annars félagsfólks**.

11. grein

Stjórn félagsins boðar til félagsfundar þegar henni þurfa þykir, eða ef minnst 15 **meðlimir félagsins** óska þess. Félagsfundir skulu boðaðir með minnst 3 daga fyrirvara og skal þá miðað við pósthimpil og/eða dagsetningu tölvupósts. Dagskrár skal getið í fundarboði.

12. grein

- a. Aðalfundur skal haldinn eigi síðar en 10. apríl ár hvert. Skal stjórn boða til hans bréflega, með a.m.k. þriggja vikna fyrirvara. Til félaga með virkt netfang má boða rafrænt og sendist þá ítrekun viku fyrir aðalfund. Í fundarboði skal birta dagskrá fundarins ásamt lögum félagsins. Aðalfundur hefur æðsta vald í öllum málum félagsins og telst löglegur, ef löglega er til hans boðað.
- b. Dagskrá aðalfundar er:
1. Setning aðalfundar og kosning fundarstjóra.
 2. Skýrsla stjórnar og umræður um hana.
 3. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram og umræður um þá.
 4. Lagabreytingar.
 5. Ákvörðun félagsgjalda.
 6. Kosning stjórnar.
 7. Kosningar í nefndir og kosning endurskoðenda.
 8. Önnur mál.
- c. Stjórn félagsins er skipuð 5 félögum. **Forseti** og **varaforseti** skulu kosnir sérstaklega. Stjórnarmeðlimir skipta með sér hlutverkum ritara, gjaldkera og meðstjórnanda. Hún er kosin til tveggja ára í senn, þannig að eitt ár er kosið um **forseta** og tvo stjórnarmeðlimi og annað ár um **varaforseta**, einn stjórnarmeðlim, auk tveggja **varafulltrúa**. Kosningarétt og kjörgengi hafa allir skráðir **félagar**. Til að hljóta kosningu nægir frambjóðanda einfaldur meirihluti. Hverfi stjórnarmeðlimur frá störfum, skal stjórn velja annan varafulltrúa til að taka sæti í henni fram að næsta aðalfundi. Að svo búnu skiptir hún með sér verkum á ný. Hverfi **forseti** frá störfum skal **varaforseti** taka sæti hans.
- d. Ályktanir aðalfundar teljast samþykktar, ef einfaldur meirihluti fundarmanna styður þær.
- e. Lagabreytingatillögur skulu berast stjórn eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfund og skulu þær kynntar í fréttabréfi sem sent er út (miðað við póststimpil og/eða dagsetningu tölvupósts) eigi síðar en viku fyrir aðalfund. Í því fréttabréfi skal einnig kynna fundarstað og tíma. Minniháttar breytingatillögur, að mati aðalfundar, er hægt að bera upp á fundinum og fá afgreiddar. Lagabreytingatillögur skulu studdar af 3/4 fundarmanna til að hljóta samþykki.

13. grein

Félagið getur með samþykki löglega boðaðs félagsfundar sótt um eða sagt upp aðild að sérsamböndum eða bandalagi, enda greiði a.m.k. 2/3 fundarmanna slíkri tillögu atkvæði.

Tillaga um slíkt skal kynnt **félagsfólki** bréflæga minnst viku fyrir fund.

- Tillagan er samþykkt af meirihluta þeirra sem mætt eru á aðalfund.

5. Ákvörðun félagsgjalda

- Magnús leggur til fyrir hönd stjórnar að félagsgjöld verði óbreytt (3.500 kr).
- Niðurstaða kosninga: að félagsgjöld verði óbreytt (3.500 kr).

6. Kosning stjórnar

- Þau láta af störfum Anna Þuríður Pálsdóttir og Hlynur Aðalsteinsson.
- Eftirfarandi voru kjörin einróma í stjórn
 - Meðstjórnandi (2 ár): Jukka Siltanen
 - Varaforseti (2 ár): Ásmundur Máni Þorsteinsson
 - Varafulltrúi (2 ár): Arnheiður Björnsdóttir
 - Varafulltrúi (2 ár): Þorgerður María Þorbjarnardóttir


7. Kosning nefnda

- Fræðslu- og skemmtinefnd
 - Niðurstöður kosninga:
 - Arnheiður Björnsdóttir
 - Rafael Rökkvi Freysson
- Kjara- og laganefnd
 - Niðurstöður kosninga:
 - Magnús Hallur Jónsson
 - Ásmundur Máni Þorsteinsson
 - Jukka Siltanen
- Alþjóðanefnd
 - Niðurstöður kosninga:
 - Hrafnhildur Ævarsdóttir
 - Ásmundur Máni Þorsteinsson
- Skoðunarmenn reikninga
 - Niðurstöður kosninga:
 - Anna Þuríður Pálsdóttir
 - Orri Páll Jóhannsson

8. Önnur mál

- Þorgerður María Þorbjarnardóttir (formaður Landverndar og varafulltrúi Landvarðafélagsins) tekur til máls til að kynna græna göngu á sumardaginn fyrsta 23. apríl á vegum Landverndar og hvetur Landvarðafélagið til að taka þátt undir sínum merkjum.

Fundi slitið af formanni: kl. 18:15

A rectangular box containing a handwritten signature in black ink. The signature consists of the name 'Sólborg' followed by a large, stylized letter 'B'.

Fundarritari: Sólborg Birgisdóttir